

Kópavogur: 1. júní 2015

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um lýðháskóla. 502. mál. Þingskjal 870.

Í fyrsta lagi er ekki ljóst að um háskóla sé að ræða. Inntökuskilyrði gefa það ekki til kynna og því vafasamt að kalla þá skólastarfsemi sem lýst er háskóla. Markmið væntanlegrar löggjafar er að gera rekstrarumhverfi lýðháskóla sambærilegt því sem er annars staðar á Norðurlöndum. Rekstrarumhverfi háskóla á Íslandi er í dag ekki sambærilegt því sem er annars staðar á Norðurlöndunum. Nauðsynlegt er að laga það fyrst áður en fleiri menntastofnunum verður komið á fót með stuðningi hins opinbera.

Auka má áherslu á hið talaða orð, umræður og rökræður í grunnskóla og framhaldsskóla. Vísað er í fjölbreyttar kennsluaðferðir og nútímavæðingu framsetningu námsefnis í grunn- og framhaldsskóla (úr skýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytis frá 2012). Það er einmitt það sem þarf að gera í grunn- og framhaldsskólum en hefur ekki verið fjármagnað af hinu opinbera. Það er því frekar furðulegt að lagt sé til að stofna lýðháskóla til að gera eitthvað sem lagt er til í þeirri skýrslu að gert verði í grunn- og framhaldsskólum. Einnig þarf að efla mjög iðn- og tækninám á Íslandi en staðan í þeim málaflokki er mjög bágborin samanborið við Norðurlöndin. Undirritaður hvetur því þingmenn til að auka stuðning hins opinbera við þá starfsemi sem nú þegar er til staðar í menntastofnunum landsins.

Virðingarfyllst,

Hákon Hrafn Sigurðsson
Kt. 0803745859

144. löggjafarþing 2014–2015.

Þingskjal 870 — 502. mál.

Tillaga til þingsályktunar
um lýðháskóla.

Flm.: Brynhildur Pétursdóttir, Björt Ólafsdóttir, Páll Valur Björnsson,
Óttarr Proppé, Róbert Marshall, Guðmundur Steingrímsson.

Þar segir m.a.

„Þeir auka fjölbreytni í menntakerfinu og geta mætt þörfum nemenda með öðrum hætti en hefðbundnir skólar.“

Þetta er höfuðatriði og vísar til inntaks og starfshátta þessara skóla. Menntun í nútíma þjóðfélagi gegnir margvíslegum tilgangi, fyrir mjög fjölbreyttan hóp þjóðfélagsþegna sem allir fara í gengum fjölmörg þroska og reynslustig á sínum ferli. Fjölbreytni í menntaflórunni er þess vegna afar mikilvæg og verður sífellt mikilvægari.

Þótt skólakerfið með sínu skipulagi og prófakerfi skipi hæstan sess þá er fjölbreytni mikilvæg og það er mjög líklegt að lýðháskólar myndu með skynsamlegri útfærslu, sem yrði af allt öðru tagi en hefðbundnir skólar verða afar mikilvæg viðbót. Símenntunarmiðstöðvarnar með sínum áherslum eru líka mikilvæg viðbót við skólakerfið en lýðháskólarnir myndu gegna allt öðru hlutverki.

Það má leiða sterkum líkum að því að stuðningur við þróun lýðháskóla yrði farsælt skref. Það er skynsamlegt að horfa til Norðurlandanna eins og segir í greinargerðinni, en hafa ber í huga hve útfærslur þar eru margvíslegar. Einnig ber að hafa í huga litríka sögu lýðháskóla á Íslandi, en undir það síðasta vantaði stuðning við áhugaverðar tilraunir. En eins og látið er að liggja í tillögunni má hugsa sér lýðháskóla með margs konar sniði og ekki yrði farsælt að negla það mjög mikið niður, nema að því leyti að þeir eiga bókstaflega að vera ólíkir hefðbundnum skólum í fjölmörgum lykilatriðum.

Í handriti um skólasögu segir Jón Torfi Jónasson:

„En styrkur lýðháskólahugsjónarinnar hér á landi var falinn innan vébanda hinna öflugu héraðsskóla á árunum 1920-1950. Þeir sogast síðan inn í skólakerfið (staðfest með lögunum 1946) en fyrir bragðið náði hreyfingin ekki fótfestu annars staðar. Þess vegna má segja að lýðháskólameiðinn vanti inn í íslenskt skólastarf á seinni hluta 20. aldarinnar, þrátt fyrir tilraunir til þess að byggja upp skóla í Skálholti eða tilraunir Odds Albertssonar í Reykholti og síðar í Reykjavík á tíunda áratugnum.“

Sjá einnig

Jón Torfi Jónasson. (1999). Lýðháskólar á Íslandi í byrjun 20. aldar. Í Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Kristín Indriðadóttir, og Ólafur Proppé (Ritstj.), *Steinar í vörðu, til heiðurs Þuríði J. Kristjánsdóttur sjötugri*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

F.h. Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

Jón Torfi Jónasson, prófessor